

39. gr.

Rétt er hverjum sláturleyfishafa að hafa markglöggan mann í sláturrétt, meðan á slátrun stendur. Skal hann gæta þess að misdráttur eða ruglingur eigi sér ekki stað á sláturfé. Telji hann eignarheimild á fénaði vafasama, skal hann leita nánari upplýsinga þar um.

40. gr.

Að öðru leyti en greint er í fjallskilasamþykkt þessari fer um fjallskilamálefni eftir því sem segir í lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986 og lögum og reglugerðum um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra.

41. gr.

Brot gegn ákvæðum þessarar fjallskilasamþykktar varðar sektum og renna sektir í sveita- eða fjallskilasjóð viðkomandi fjallskiladeildar. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt 3. gr. laga nr. 6 21. mars 1986 um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., til þess að öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld fjallskilasamþykkt fyrir Vestur-Skaftafellssýslu nr. 245 23. desember 1965.

Landbúnaðarráðuneytið, 24. apríl 1992.

Halldór Blöndal.

Jón Höskuldsson.

GJALDSKRÁ

fyrir megnunareftirlit á Norðurlandssvæði eystra.

1. gr.

Sveitarstjórnnum á starfssvæði heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra er heimilt að innheimta árlega eftirlitsgjald af eftirlitsskyldri starfsemi samkvæmt 3. gr. og 5. tl. 3. gr. laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit nr. 81/1988, 6. tl. 3. gr. og viðauka 9 í mengunarvarnareglugerð nr. 389/1990, svo sem hér greinir:

1. flokkur kr. 10 500,00

2. gr.

Fyrir starfsleyfi heilbrigðisnefnda, sbr. 3. tl. 5. gr. laga nr. 81/1988 sbr. 5 tl. 8. gr. megnunarvarnareglugerðar, nr. 389/1990, er heimilt að innheimta leyfisgjald svo sem hér greinir:

1. flokkur kr. 1 000,00

3. gr.

Framkvæmdastjóri heilbrigðiseftirlits lætur, fyrir hönd svæðisnefndar sveitarstjórnnum í té eftirlitsskyld fyrirtæki. Sveitarstjórnir annast álagningu og innheimtu eftirlitsgjalda. Gjöld samkvæmt 1. gr. má innheimta með lögtaki.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er í samráði við svæðisnefnd um heilbrigðiseftirlit á Norðurlandssvæði eystra, sbr. 8. tl. 6. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, er sett skv. 22. gr. þeirra og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 323/1991.

Umhverfissráðuneytið, 11. maí 1992.

Eiður Guðnason.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir mengunareftirlit á starfssvæði Heilbrigðiseftirlits Akranessvæðis.

1. gr.

Sveitarstjórnnum á starfssvæði Heilbrigðiseftirlits Akranessvæðis, er heimilt að innheimta árlega eftirlitsgjald af eftirlitsskyldri starfsemi samkvæmt 3. gr. og 3. tl. 5. gr. laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit nr. 81/1988 og 3 gr. 6. tl. og viðauka 7 og 9 í mengunarvarnareglugerð nr. 389/1990 svo sem hér greinir:

1. flokkur kr. 10 000,00
2. flokkur kr. 20 000,00

Gjalddagi eftirlitsgjalda er 1. mars og eindagi 1. maí.

2. gr.

Fyrir starfsleyfi heilbrigðisnefndar, sbr. 3. tl. 5. gr. laga nr. 81/1988 og 5. tl. 8. gr. mengunarvarnareglugerðar nr. 389/1990 er heimilt að innheimta leyfisgjald svo sem hér greinir:

1. flokkur kr. 1 000,00
2. flokkur kr. 2 000,00

3. gr.

Fyrirtæki sem talin eru upp í viðauka 7 og 9 í mengunarvarnareglugerð flokkast eftir umfangi og mengun í 1. eða 2. flokk. Þar sem um er að ræða mjög takmarkaða starfsemi eða starfsemi hluta úr ári er heimilt að innheimta hluta af gjaldi 1. flokks samkvæmt nánari ákvörðun svæðisnefndar.

4. gr.

Gjöld skv. 1. gr. má innheimta með fjárnámi.

5. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin í samráði við svæðisnefnd um heilbrigðiseftirlit á Akranessvæði, sbr. 8. tl. 6. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, er sett skv. 22. gr. þeirra og gildir frá og með 1. janúar 1992.

Umhverfissráðuneytið, 11. maí 1992.

Eiður Guðnason.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.